

Fundargerð

Aðalfundur

Aðalfundur Norðurár bs. haldinn í Menningarhúsinu Miðgarði, Skagafirði,
föstudaginn 6. september 2013, kl. 16.00.

Mætt voru stjórn Norðurár bs; Magnús B. Jónsson, Gísli Árnason, Jón Sigurðsson.
Arnar Þór Sævarsson frá Blönduósbæ.
Ágúst Þór Bragason frá Blönduósbæ.
Eiríkur H. Hauksson frá Flokkun Eyjafjörður.
Ólöf Harpa Jósefsdóttir frá Flokkun Eyjafjörður.
Þóra Sverrisdóttir.
Þórdís Hauksdóttir.
Gunnar Svavarsson frá Eflu verkfræðistofu.
og endurskoðandi félagsins Kristján Jónasson, KPMG.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur 2012.
3. Samantekt um stöðu og horfur á urðunarstaðnum.
4. Kosning stjórnar og endurskoðanda.
5. Önnur mál .


Fundarsetning, kosning fundarstjóra og ritara.

Formaður félagsins, Magnús B. Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
Tillaga formanns um Ágúst Þór Bragason sem fundarstjóra og Gísla Árnason ritara
samþykkt samhljóða. Tók Ágúst við stjórn fundarins og gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Formaður félagsins flutti skýrslu stjórnar. Fór hann yfir rekstur félagsins í grófum dráttum, urðað magn, skipt eftir svæðum og efnisflokkum, gjaldskrá og helstu verkefni stjórnar á starfsárinu.

Fundarstjóri lagði til að umræður um skýrsluna væru teknar með umræðum um ársreikning félagsins.



2. Ársreikningur 2012

Kristján Jónasson endurskoðandi skýrði ársreikning félagsins fyrir árið 2012.

Rekstrartekjur ársins kr. 104.325.428, rekstargjöld kr. 48.419.508 og fjármagnsgjöld kr. 29.119.317. Hagnaður ársins kr. 26.786.603.

Eignir félagsins samtals kr. 362.017.844, eigið fé kr. 27.417.347 og skuldir samtals kr. 334.600.497.

Handbært fé frá rekstri kr. 53.021.277 og handbært fé í lok árs kr. 43.063.063

Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning óverulegar:

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2012 borinn upp og samþykktur.

3. Samantekt um stöðu og horfur á urðunarstaðnum.

Gunnar Svavarsson frá Eflu – verkfræðistofu fór yfir stöðu og horfur á urðunarstaðnum. Gunnar lýsti hönnun urðunarhólfsins og þær breytingar sem þurfti til að taka á móti sláturúrgangi. Urðaður úrgangur rúmast heldur betur en forsendur í hönnun gerðu ráð fyrir, efnið þjappast betur og notkun á sandi til yfirlags er minni en reiknað var með. Gunnar fór yfir horfur næstu ára að gefnum mismunandi forsendum og gjaldskrármál því tengdu. Taldi hann að ef framhald yrði á samningi um urðun sorps frá Eyjafjarðarsvæðinu, gæti það leitt til allt að tveggja króna lækkunar á gjaldskrá vegna hagkvæmari samninga um næstu stækkun urðunarhólfsins sem vinna þarf árið 2017. Samningar um áframhaldandi samstarf þyrftu þá að liggja fyrir innan tveggja ára.


Magnús fór yfir minnispunkta frá vinnufundi um samning Flokkunar Eyjafjörður og Norðurá bs. um urðun, sem haldinn var á Akureyri 21. ágúst síðastliðinn og punkta frá vinnufundi um urðun sláturúrgangs, sem haldinn var að Stekkjarvík 27. ágúst. Fór hann yfir þau vandamál, sem upp koma við það að sláturleyfishafar virða ekki þau mörk sem félagið setur um 80% þurrefnisinnihald sláturúrgangs og taldi að ef ekki yrði breyting á þessu kæmi það til með að hafa áhrif til hækkunar á gjaldskrá fyrir sláturúrganginn.

4. Kosning stjórnar og endurskoðanda

Lögð fram og samþykkt tillaga að stjórn til eins árs. Aðalmenn í stjórn eru Magnús B. Jónsson, Gísli Árnason og Jón Sigurðson. Varamenn í stjórn eru Ágúst Þór Bragason, Einar E. Einarsson og Jón Magnússon. Endurskoðandi Kristján Jónasson frá KPMG.

5. Önnur mál

Engin



Norðurá bs

**Byggðasamlag um sorpeyðingu
á Norðurlandi vestra.**

Að fundi loknum var haldið að Útvík, þar sem Árni bóndi Hafstað kynnti fundarmönnum framleiðslu á hinum skagfirska bjór „Gæðingi“.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18.00
Fundargerð ritaði Gísli Árnason